



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sent til umsagnaraðila
Ath., aðeins sent með tölvupósti

Reykjavík, 1. mars 2019
Tilv.: 1901006

Efni: Beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðs samruna Advania og Wise

1.

Líkt og yður er kunnugt barst Samkeppniseftirlitinu þann 6. september 2018 tilkynning um samruna Advania Holding hf. og Wise lausna ehf. Var samrunaaðilum tilkynnt með bréfi þann 14. september að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi í skilningi reglna nr. 684/2008 og að hún væri því tæk til efnismeðferðar. Í kjölfarið hófst rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

Rannsókninni var m.a. þannig háttað að umsagna um samrunatilkynninguna var aflað frá viðskiptavinum og keppinautum samrunaaðila á dögum 20.-24. september 2018. Á dögum 7.-11. nóvember var upplýsingabeiðni send á keppinauta samrunaaðila og í kjölfarið var send markaðskönnun á sömu aðila. Þær athugasemdir og upplýsingar sem bárust voru nýttar við athuginina.

2.

Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir innanhúsgögnum frá Advania. Var m.a. óskað eftir gögnum er tengdust kaupum fyrirtækisins á Wise og aðdraganda kaupanna, og gögnum frá Advania sem vörðuðu þá markaði sem samruninn kunni að hafa áhrif á.

Við yfirferð gagnanna vaknaði grunur um að samrunaaðilar hafi beitt blekkingum eða veitt rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar í samrunaskrá. Grunur þessi kom til vegna þess að skilgreining samrunaaðila á mörkuðum málsins, bæði vöru-/þjónustumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum, eins og hún var sett fram í samrunatilkynningu, var í miklu ósamræmi við umfjöllun um eðli og afmörkun markaðanna í innanhúsgögnum frá Advania. Þannig virðist, í þessum gögnum, hafa verið litið með þrengri hætti á samkeppni (markaðinn) sem veitir samrunaaðilum aðhald, bæði hvað varðar landfræðilega afmörkun og virkni hugbúnaðar sem staðganga er á milli.

Samkeppnislög nr. 44/2005 leggja bann við slíkri háttsemi, enda er mikilvægt vegna eðlis samrunamála og afmarkaðs lögbundins rannsóknartíma að veittar séu fullnægjandi og



réttar upplýsingar þegar samruni er tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins. Er það ekki síður mikilvægt svo athugasemdir og upplýsingar þeirra aðila sem veita umsögn um samruna séu markvissar og byggja á réttum grunni.

Í kjölfar þessa sendi Samkeppniseftirlitið bréf til samrunaaðila dags. 18. desember 2018 þar sem samrunaaðilum var kynnt frummat eftirlitsins þess efnis að upplýsingagjöf samrunaaðila í samrunatilkynningu um þýðingarmikil atriði málsins væru í miklu ósamræmi við samtímagögn málsins. Samrunaaðilar hafi því að frummati Samkeppniseftirlitsins a.m.k. veitt rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar um þau í samrunaskrá.

Í bréfinu voru boðuð möguleg viðbrögð Samkeppniseftirlitsins við þessu. Viðbrögðin kynnu að vera í þá veru að ákvörðun yrði tekin um að samrunatilkynningin hafi talist ófullnægjandi frá upphafi, að tilefni hafi verið til að stöðva frest til rannsóknar samrunans og/eða grípa til mögulegra viðurlaga skv. IX. kafla samkeppnislaga. Var samrunaaðilum boðið að koma athugasemdum og skýringum á framfæri vegna þessa.

Svör samrunaaðila við bréfi Samkeppniseftirlitsins bárust þann 21. desember 2018. Í svörunum kom fram að samrunaaðilar gætu ekki fallist á framangreint frummat Samkeppniseftirlitsins. Þrátt fyrir það tilkynntu samrunaaðilar að vilji þeirra stæði til að draga til baka samrunatilkynninguna frá 6. september 2018 og tilkynna samrunann að nýju, að teknu tilliti til athugasemda Samkeppniseftirlitsins, sem fram komu í bréfi eftirlitsins til samrunaaðila dags. 18. desember 2018.

Við þetta tímamark lauk því rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samrunamálinu.

3.

Samkeppniseftirlitinu barst ný tilkynning vegna fyrirhugaðs samruna Advania og Wise þann 14. janúar sl. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru slíkir annmarkar á tilkynningunni að tilkynningin var ófullnægjandi í skilningi samkeppnislaga. Annmarkarnir vörðuðu að mestu leyti skort á rökstuðningi varðandi skilgreiningu markaða málsins. Því kynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum, með bréfi dags. 24. janúar sl., það frummat sitt að hin nýja samrunatilkynning væri ófullnægjandi í skilningi samkeppnislaga. Í bréfinu var samrunaaðilum gefinn kostur á að andmæla frummatinu eða koma að viðbótarrökstuðningi og upplýsingum.

Samrunaaðilar tilkynntu Samkeppniseftirlitinu að þeir myndu fella sig við frummatið og viðbótarsjónarmið og upplýsingar frá samrunaaðilum bárust 13. febrúar sl. Að mati Samkeppniseftirlitsins bættu nýframkomin sjónarmið og upplýsingar úr þeim annmörkum sem voru á upphaflegri tilkynningu samrunaaðila frá 14. janúar 2019. Var samrunaaðilum því tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga. Frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, byrjuðu því að líða 14. febrúar 2019.

4.

Ný tilkynning á samruna Advania og Wise markar upphaf nýs stjórnáslumáls hjá Samkeppniseftirlitinu. Að sama skapi er þeirri rannsókn sem átti sér stað í fyrri stjórnáslumálinu í tengslum við fyrri samrunatilkynningu Advania og Wise lokið. Rannsókn



Samkeppniseftirlitsins á samkeppnislegum áhrifum samrunans mun því hefjast að nýju og taka mið af þeim upplýsingum og röksemdum sem fram koma í nýrri samrunatilkynningu Advania og Wise auk upplýsinga og umsagna sem aflað var í fyrra máli, þ. á m. áðurgreindra samtímagagna frá samrunaaðilum, eftir því sem við á.

Af þessum sökum óskar Samkeppniseftirlitið að nýju eftir umsögnum um samruna Advania og Wise. Er þess óskað að umsagnir taki mið af samrunatilkynningu samrunaaðila frá 14. janúar sl. ásamt viðbótarsjónarmiðum og upplýsingum sem bárust eftirlitinu 13. febrúar sl.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en föstudaginn 8. mars nk. með hefðbundnum bréfpósti eða á tölvutæku formi á netfangið sandra@samkeppni.is.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Markús Árni Vernharðsson